



Virðisaukaskattur leiðir til aukinna tekna frá ríkinu

● Álagning virðisaukaskatts mun koma mörgum ferðaþjónustufyrirtækjum vel

BAKSVIÐ

Stefán E. Stefánsson

ses@mbl.is



„Þeir aðilar sem selja út þjónustu sem ber 11% virðisaukaskatt en greiða 24% virðisauka af aðföngum sínum eru í raun og veru að fá dálítinn ríkisstyrk.“ Þetta segir Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs hjá Deloitte, en um komandi áramót eru fyrirhugaðar töluverðar breytingar á skattaumhverfi margra ferðaþjónustufyrirtækja. Þá mun ýmiss konar þjónusta sem til þessa hefur verið undanþegin virðisaukaskatti færast upp í neðra þrep kerfisins og bera 11% virðisaukaskatt. Breytingarnar koma í kjölfar þess að virðisaukaskattskerfinu var breytt, en helstu breytingarnar fólu það í sér að neðra þrepíð hækkaði úr 7% í 11% og efra þrepíð var fært niður úr 25,5% í 24%.

Vala bendir á að þeir aðilar í ferðaþjónustu sem hingað til hafa ekki þurft að standa skil á útskatti sem tengist rekstrinum hafi ekki getað talið neitt á móti. „Þessir aðilar hafa í raun þurft að gleypa þennan kostnað að öllu leyti og hafa ekki getað rukkað neitt á móti. Nú hér eftir munu þessir sömu aðilar í raun fá greitt úr ríkissjóði. Það munar miklu um að innheimta útskatt sem nemur 11% en geta svo talið á móti 24% innskatt sem fellur til vegna alls viðhalds, tækja og búnaðar og slíks.“

Vala segir að þetta eigi ekki að koma mjög á óvart. „Svona hefur þetta verið með hótélreksturinn lengi og þetta er einfaldlega raunveruleikinn þegar tvö þrep eru í skattheimtu.“ Því er ljóst að um



Morgunblaðið/Baldur Arnarson

Skattur Virðisaukaskattur sem leggjast mun á aðgangseyri í heilsulindir verður 11% frá og með næstu áramótum.

Byrja að greiða VSK um áramótin

- » Fólksflutningar sem ekki teljast til almennings-samgangna, skólaaksturs og leigubifreiða.
- » Innlendir ferðaskrifstofur.
- » Erlendar ferðaskrifstofur.
- » Afþreying á borð við gönguferðir, heilsulindir, hestaleigu, hvalaskoðun og vélsleðaferðir.

töluvert hagsmunamál kann að vera að ræða fyrir þá aðila sem munu geta innheimt 11% útskatt á móti

þeim 24% innskatti sem þeir hafa hingað til þurft að greiða án nokkurs möguleika til frádráttar.

Leiðrétt aftur í tímann

Alexander G. Eðvardsson, forstöðumaður skatta- og lögfræðisviðs KPMG, bendir á að þau fyrirtæki sem nú verði færð undir virðisaukaskattskerfið muni helst njóta þess ef tryggt verði að þau geti nýtt frádráttarbæran innskatt aftur í tímann af þeim fjármunum sem notaðir verða í virðisaukaskattsskyldri starfsemi þeirra. Þannig geti aðilar sem byggt hafi upp rekstur sinn áður en til skattskyldu kom, nýtt innskatt fyrri ára til að mæta útskatti sem þau munu innheimta eftir að til skattskyld-

unnar stofnast. Telur hann að nefndarálit efnahags- og viðskipta-nefndar Alþingis, sem fylgdi því frumvarpi sem varð að lögum og kvað á um breytta skipan virðisaukaskattsmála, kveði nokkuð skýrt á um að svo muni verða. Það á þó eftir að skýra nánar og telur Alexander að það verði gert þegar þing kemur saman að nýju í haust. Samkvæmt núgildandi reglugerð um innskatt verða fyrirtæki sem nýtt hafa innskatt til frádráttar að endurgreiða frádráttinn eftir tilteknum reglum aftur í tímann, ef breytingar verða á öflun lausafjarmuna eða notkun eignar. Gert er ráð fyrir að hið sama muni gilda um fyrirliggjandi breytingar en að reglurnar virki þá í öndverða átt.